

# Mitt bottenliv: av en ensam axolotl

Höfundur texta og mynda: Linda Bondestam  
Förlaget 2020. Var tilnefnd til Barna- og unglingsbókaverðlauna Norðurlandaráðs 2021.

Sögupráður: Lítil tálknamandra nýtur lífsins með vinum sínum á botni stöðuvatns þangað til vistkerfið breytist og risastór alda skolar öllu burt.

Efnisorð: loftslagsbreytingar, einmanaleiki, stöðuvatn

## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Hvað vekur athygli ykkar? Finnið þið litlu tálknamöndruna? Teiknið tálknamöndru og gefið henni nafn.

### LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina, um hvað heldurðu að bókin sé?


2. Þegar tígur­möndrunar hverfa verður tálknamandan ein eftir á botni stöðuvatnsins. Hún hefur aldrei verið eins einmana og nú. Hvað heldurðu að hún sé að hugsa? Hvað myndir þú gera ef þú værir einmana tálknamandra?

3. Opnan þar sem tálknamandan lætur sig dreyma um glaðari daga: Teiknaðu tálknamöndru og lítaðu hana í uppáhaldslitunum þínum. Gefðu henni nafn. Þegar öll börnin eru búin að gera sína mynd getið þið ímyndað ykkur hvað tálknamöndrunar ykkar myndu gera þegar þær fengju að vera saman. Hlustið á lagið sem tálknamandan spilar í símanum á meðan þið eruð að vinna.

### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Stöðuvatnið þar sem tálknamandan býr er mengað og fullt af rusli og það veldur kláða. Hvernig umhverfi heldurðu að tálknamöndrunni finnist best? Teiknið eða búið til klippimynd saman.

2. Tálknamandan spjarar sig og henni tekst að eignast afkvæmi. Margar dýrategundir lifa af en aðrar deyja út og hverfa. Hvers vegna heldurðu að það sé?



3. Staldríð við þegar þið eruð hálfnuð með bókinu og ræðið: Hvað er það versta sem gæti komið fyrir núna? Hvað er það besta sem þú vonast til að gerist núna?

4. Finndu upp á þínu eigin framandi dýri. Flýgur það, syndir það, gengur það, skríður það...? Er það með hala, loftnet, handleggi, ugga, eyru, rana... hvernig er dýrið á litinn? Búið til fróðleiksmola um fæðu dýrsins, þyngd, lengd, vistkerfi, aldur/ævilengd, venjur (er það náttúrdýr?). Hvaða eiginleikum er það að þakka að dýrið spjarar sig? Hlustið á lagið sem tálknamandan spilar í símanum á meðan þið eruð að vinna.

### BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókinu? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu myndur eða tengingu við aðrar sögur?

2. Lífi tálknamöndrunar er ógnað af margvíslegum hættum í umhverfi hennar, þær er allar að finna í bókinni. Hvaða umhverfisógnum hafið þið tekið eftir í umhverfi ykkar og hvernig bregðist þið við þeim?

3. Mannfólkið hendir hlutum í hafið og þeir verða að fjársjóðum eða rusli. Finnið eitthvað sem fólk hefur skilið eftir í umhverfi ykkar. Búið til klippimyndir/innsetningar úr hlutum og ruslinu. Takið mynd af þeim og skrifið um það sem þið funduð. Búið til sögu um þann sem týndi hlutum og hvort hann sjái eftir þeim.

4. Veröldin er dimm, yfirgefin og hættuleg fyrir litla einmana tálknamöndru. Skoðið myndirnar þar sem tálknamandan er ein síns liðs. Ræðið og veltið fyrir ykkur hvað myndirnar segja og hvers konar

tilfinningar þið sjáið í þeim. (Hvernig getum við spjarað okkur ein okkar liðs í heiminum?) Hlustið á lagið sem tálknamandran spilar í símanum á meðan þið eruð að vinna.

5. Veltið fyrir ykkur orðaleiknum um titilinn Mitt Bottenliv (Líf mitt á botninum). Hvernig er hægt að túlka titilinn?

#### AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Rosie springer (Ruusun matka). Höfundur: Marika Maijala (Rosie syndir alein í gráu hafinu, tálknamandran alein á niðursuðudós í úfnum öldum.)

Öll með tölu. Höfundur: Kristin Roskifte. Þýðandi: Sigrún Eldjárn. (Ræðið og berið saman mótmælin í Mitt Bottenliv og mótmælafundinn í opnunni þar sem fólkið mótmælir í Öll með tölu.)

Koira nimeltään Kissa. Höfundar: Tomi Kontio og Elina Warsta

#### MÁLAMOLI

## "Loftslag"

sænska

Klimat

danska

Klima

norska

Klima

íslenska

Loftslag

færeyska

Veðurlagið

grænlenka

Silap pissusia

finnska

Ilmasto

norðursamíska

Dálkkadat



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)